



11. ÍSLAND SEM VERSTÖÐ EVRÓPU

Bls 84–93

Markmið

Að nemandi átti sig á að:

- sjávarfang verður sífellt eftirsóttara í Evrópu og verður mikilvæg útflutningsvara okkar
- Björgvin í Noregi var miðstöð utanríkisverslunar Íslendinga
- fiskveiðar jukust verulega en voru áfram aukabúgrein sem stunduð var á veturna
- sjávarjarðir urðu verðmætari og búseta landsmanna færðist nær sjó
- sjávarútvegur var í höndum bænda enda komu þeir í veg fyrir sjálfstæða sjómanna-stétt
- Englendingar tóku að sigla til Íslands til veiða og verslunar
- Þjóðverjar tóku einnig að sigla hingað til að eiga viðskipti við landsmenn
- landsmenn nutu óvenju góðra viðskiptakjara meðan á siglingum Englendinga og Þjóðverja stóð
- Danakonungur óttaðist að missa Ísland úr höndum sér og reyndi að bægja útlendingum frá landinu
- Danakonungur náði að styrkja stöðu sína hérlandis undir lok miðalda
- íslenskir höfðingjar héldu áfram að hafa flest völd í höndum sér

Kennsla

Vekja áhuga nemenda á því að sjávarútvegur varð mikilvægasta útflutningsvara landsmanna en áður hafði það verið vaðmál. Sjávarútvegur óx mjög og sjávarjarðir urðu verðmætari en áður. Verðmætustu jarðirnar voru við sjávarsíðuna vestanlands þar sem bestu miðin voru.

Gera þarf nemendum grein fyrir þeirri samkeppni sem átti sér stað á milli útlendra kaupenda. Allur íslenskur fiskur hafði farið um Björgvin í Noregi en upp úr 1400 fóru Bretar að sigla til Íslands til veiða og verslunar. Því hefur verið talað um „ensku öldina“ í því sambandi. Á seinni hluta 15. aldar fóru Þjóðverjar að sigla til landsins í sömu erindagjörðum og kom oft til átaka á mili Englendinga og Þjóðverja hér við land.

Greina skal nemendum frá því að íslenskum bændahöfðingjum líkaði illa þegar útlendingar fóru að gera út frá Íslandi þar sem þeir óttuðust að tapa völdum sínum. Skipti þar ekki minnstu sá ótti að útlendingar færu að ráða Íslendinga til vinnu en þar með yrði vinnuafli dýrara. Íslenskir höfðingjar vildu nýta sér innlent vinnuafli á sem ódýrasta hátt.

Fræða skal nemendur um að Danakonungi stóð ekki á sama um siglingar útlendinga hingað til lands þar sem hann óttaðist að tapa tekjum og að missa landið úr höndum sér. Danakonungur fékk þar með vaxandi áhuga á Íslandi. Undir lok miðalda hóf hann því sókn gegn siglingu útlendinga til Íslands og tókst að mestu að koma í veg fyrir þær.



Umræður

- Þessi kafli fjallar um fiskveiðar á Íslandi á 15. og 16. öld. Af hverju höfðu eignabændur áhyggjur af því að útlendingar færu að stunda sjávarútveg á Íslandi?
- Hvernig heldur þú að það hafi verið að stunda fiskveiðar við Ísland á þessum tíma? Hvernig var bátaútgerð? Hver var munurinn á íslensku skipunum og þeim erlendu?
- Af hverju var sjávarútvegur aukabúgrein bænda en ekki sjálfstæð atvinnugrein?
- Af hverju var Björgvin í Noregi miðstöð utanríkisverslunar Íslendinga?
- Danakonungur sem réð yfir Íslandi á þessum tíma hafði áhyggjur af siglingum útlendinga til Íslands? Af hverju heldur þú að það hafi verið?

Verkefni

- Ímyndum okkur að þú sért kaupmaður í Björgvin og verslir með fiskmeti. Búðu til auglýsingu þar sem boðið er upp á íslenskar fiskafurðir. Hafðu í huga um hvaða afurðir gat verið að ræða og hvernig best var að nýta þær.
- Skrifaðu frétt þar sem segir frá komu Englendinga til Íslands. Þú getur bæði fjallað um fiskveiðar þeirra og verslun. Gæti líka verið auglýsing sem auglýsir hvað þeir hafa upp á að bjóða.
- Finna ljóðið Suðurnesjamenn. Lesa það saman og jafnvel syngja. Vinna með það í tengslum við ljóðakennslu. Um hvað fjallar ljóðið?
- Skrifaðu frétt sem gæti hafa birst í dagblaði eftir að Englendingar og Þjóðverjar hættu að koma til landsins. Fjallað um þær breytingar sem höfðu orðið vegna þess.
- Teiknaðu mynd eða myndasýrpu af drápinu á Birni ríka og Ólöfu konu hans.
- Finndu heimildir um verbúðir og meðhöndlun á fiski eins og skreið. Hvað var skreið, hvernig leit hún út? Teiknaðu mynd af íslensku sjávarfangi og skráðu útskýringar. Hafðu skreiðina sérstaklega í huga.
- Skipta í hópa og útbúa verkefni sem útskýrir mikilvægi siglinga, veiða og verslunar við Ísland.
 - ◆ **Norðmenn og síðan Danir** áttu að sjá um að halda uppi samgöngum við Ísland og koma með vörur til landsins samkvæmt *Gamla sáttmála*.
 - ◆ **Englendingar** fóru að sigla til Íslands til að veiða fisk og versla við landsmenn. Englendingar drápu meira að segja hirðstjórnann á Íslandi (Björn ríka) til að fá að veiða og versla í friði. Fyrri hluti 15. aldar er gjarnan kallaður Enska öldin.
 - ◆ **Þjóðverjar** sem höfðu komið sér um öflugum verslunarveldi sem kallaðist Hansasambandið hófu að keppa við Englendinga. Seinni hluti 15. aldar kallast Þýska öldin. Hvað voru Hansakaupmenn?
 - ◆ **Íslendingar** undir stjórn Dana fóru sjálfir að stunda veiðar og selja vöruna til útlanda. Þeir settu reglur, sem kölluðust Þíningsdómur, sem sagði að enginn mætti veiða við Ísland.



Kort

- Merktu inn á kort þá staði sem koma við sögu í kaflanum. Skrifðu ártöl og heiti eftir því sem við á.

Tímaás

- Merktu inn á tímaásinn öll ártöl og tímabil sem koma fyrir í kaflanum.



11. ÍSLAND SEM VERSTÖÐ – VERKEFNI

Bls 84–93

1. Á hvaða áhrifasvæði var Ísland á þessum tíma? Hvað fannst Danakonungi um það?

2. Hvenær er talið að fiskmeti verði helsta útflutningsvara Íslendinga?

3. Nefndu dæmi um skort á sjálfstæði Íslendinga.

4. Af hverju var hafið og fjaran mikilvæg fyrir lífsskilyrði Íslendinga?

5. Hvaða áhrif hafði vaxandi sjávarútvegur á búsetu í landinu?



6. Hverjir stunduðu sjávarútveg og hverjir nutu góðs af ágóðanum?

7. Af hverju virðast landsmenn hafa tekið Englendingum fagnandi?

8. Hvað var Hansasambandið? Hvenær og af hverju fóru Hansamenn að sigla til Íslands?

9. Út á hvað gekk Píningsdómur sem samþykktur var árið 1490?

10. Af hverju hættu Englendingar og Hansamenn að sigla til Íslands? Hvaða áhrif hafði það?



11. ÍSLAND SEM VERSTÖÐ – LAUSNIR

1. Englendingar höfðu tekið að venja komur sínar hingað upp úr 1400. Danakonungi leist ekki á blikuna enda komu Englendingar sér vel fyrir héraðs til að eiga sem auðveldast með fiskveiðar og verslun við landsmenn. Ísland hafði færst yfir á breskt áhrifasvæði og konungur hafði því fyllstu ástæðu til að óttast um hagsmuni sína hér.
2. Talið er að fiskmeti hafi orðið helsta útflutningsvara Íslendinga í kringum 1330. Fram að því fluttu landsmenn fyrst og fremst út vaðmál.
3. Sú staðreynd að Íslendingar gátu ekki sinnt eigin utanríkisviðskiptum bar hvað skýrast vitni um það að þjóðin var ekki fyllilega sjálfstæð. Þá vantaði skip og því urðu útlendingar að sigla til landsins til að eiga viðskipti við landsmenn.
4. Fiskimiðin við Ísland eru mjög fengsæl enda hafa landsmenn stundað sjósókn frá fyrstu tíð. Hafíð og fjaran hafa í gegnum aldirnar veitt Íslendingum mikilvæga lífsbjörg til viðbótar hefbundnum landbúnaði. Þar mátti hafa til matar fugl, egg, fisk, sel, söl, skel og fjörugrös. Þang og þari var notað sem eldsneyti auk þess sem rekaviður taldist til mikilvægra hlunninda. Þá þótti hvalreki sérstakur happafengur þar sem hann var mikið forðabúr matar.
5. Menn sóttust í auknum mæli eftir sjávarjörðum enda fjölgaði fólki sem bjó við sjávarsíðuna og höfðingjar leituðust við að komast yfir góðar útvegsjarðir. Á þessum tíma varð til sú blanda landbúnaðar og sjávarútvegs sem einkenndi bændasamfélag næstu alda á Íslandi.
6. Sjómannastéttin samanstóð annars vegar af búðsetumönnum og kotbændum, sem voru yfirleitt frjálst vinnuafli, og hins vegar af vinnumönnum sem voru í vist hjá bændum. Þeir sem sóttu sjóinn voru mikið til vinnumenn sem bændur sendu í róðra og rann allur ágóðinn í vasa bóndans. Sjávarútvegurinn eflði því fyrst og fremst hag höfðingja sem áttu sjávarjarðir og höfðu fjölda vinnumanna.
7. Viðskipti við Englendinga urðu hagstæðari en fyrri verslun. Þeir komu einnig á fleiri hafnir en áður hafði þekkt og því urðu verslunarleiðir styttri. Þar við bættist að enskir kaupmenn buðu upp á meira vöruúrval en Íslendingum hafði staðið til boða fram að þessu. Landsmenn kynntust því fleiri nýjungum á þessum tíma en nokkru sinni fyrr enda voru þeir ekki lengur afskekkt þjóð.
8. Hansasambandið var bandalag þýskra verslunarborga sem hafði lagt undir sig mestalla verslun í Norður-Evrópu. Þýskir kaupmenn einokuðu þar með utanríkisviðskipti Íslendinga þar til Englendingar tóku að sigla hingað í upphafi 15. aldar. Hansamenn voru ókátir með þá samkeppni sem þeir fengu frá Englendingum og hófu því siglingar til Íslands á seinni hluta 15. aldar.



9. Með Þíningsdómi létu íslenskir eignabændur banna veiðar og vetursetu útlendinga héraendis þar sem þeim leist ekki á erlenda samkeppni um veiðar og vinnuafli. Meginmálið var að koma í veg fyrir sjálfstæðan sjávarútveg og þéttbýlismyndun. Þá hafa íslenskir bændur einnig viljað koma í veg fyrir að útlendingar næðu að komast hér til áhrifa á þeirra kostnað. Þeir voru ráðnir í að viðhalda bændasamfélaginu þar sem þeir höfðu öll völd í hendi sér.

10. Danakonungur kom í veg fyrir siglingar Englendinga og Þjóðverja hingað til lands og verslun komst með tímanum í hendur danskra kaupmanna. Þar með lauk blómaskeiði frjálsrar verslunar á Íslandi. Jafnframt var mjög þengt að hinum fjölbreyttu menningaráhrifum sem borist höfðu til landsins frá Evrópu.